

AUGLÝSING

um deiliskipulag íbúðarsvæðisins Túnahverfi í Tálknafjarðarhreppi.

Sveitarstjórn samþykkti á fundi sínum 22. maí 2015 deiliskipulag íbúðarsvæðisins Túnahverfi.

Um er að ræða deiliskipulag á um 11,6 ha svæði sem afmarkast af opnu svæði við Bugatún í suðri, Lækjargötu í austri, Hrafnadalsvegi í vestri og Nátthagatúni í norðri. Gert er ráð fyrir íbúðarbyggð og stofnanalóð. Markmið deiliskipulagsins er að auka framboð íbúðalóða innan þéttbýlisins í Tálknafirði.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 42. gr. og 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Tálknafirði, 8. júní 2015.

Óskar Örn Gunnarsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 25. júní 2015